




Kópavogsbær

kopavogur.is

Starfsáætlun Álfhóls

Frístundaheimili Álfhólsskóla

2021-2022



Skjal sótt af '000000000000' dags: 18.08 2026

Efnisyfirlit

Starfsáætlun Álfhóls	3
Almennar upplýsingar	3
Gjaldskrá og innheimta	3
Starfsemi	4
Reynslunám	4
Fjölgreindir	4
Dagskrá	5
Skólabragur/reglur	6
Barnaráð	7
Foreldrasamstarf	7
Öryggi og verkferlar	8
Hressing	14
Innra mat	14
Símennntunaráætlun	14
Listi yfir starfsfólk og starfsheiti	15

Starfsáætlun Álfhóls

Almennar upplýsingar

Frístundaheimili Álfhólsskóla ber heitið Álfhóll. Forstöðumaður Álfhóls er Freyja Hlín Valgeirsdóttir, menntuð með BS.c. í Sálfræði og aðstoðarforstöðumaður er Andri Þór Helgason. Hægt er að hafa samband í síma 441-3851 / 441-3852 eða senda póst á netfangið alfholl@kopavogur.is en þar má senda allar fyrirspurnir varðandi starfið og tilkynningar. Einnig er hægt að senda sér póst á forstöðumann freyja.v@kopavogur.is og aðstoðarforstöðumann andri.helgason@kopavogur.is.

Vaktsímarnir okkar eru virkir frá kl. 12-17 ef foreldrar þurfa að koma mikilvægu upplýsingum til skila til starfsfólks Álfhóls þegar starfið er hafið, t.d. breyting á brottfaratíma barns, breyting verður á hver sækir barnið í frístund eða ef barn fer heim með vin.

Vaktsími Álfhóls (1. og 2. bekk) – 863-6819

Vaktsími Álfasteins (3. og 4. bekk) – 621-4189

Sækja skal um frístund á þjónustugátt á vef [Kópavogsbæjar](http://Kopavogsbajar.is) í skráningarkerfinu VALA og í framhaldinu skulu allar breytingabeðnir fara í gegnum Völuna. Greiðsluseðill er sendur í heimabanka foreldra/forráðamanna í byrjun hvers mánaðar.

Opnunartími Álfhóls er frá 13:00 til 17:00. Álfhóll er opin alla daga sem grunnskólarnir starfa nema tvo af fimm skipulagsdögum en Álfhóll hefur tvo skipulagsdaga á ári, einn á hvorri önn sameiginlega með öðru starfsfólki skóla. Álfhóll er ekki opin í vetrarfríum skólanna. Opið er í jólafríum grunnskólanna á virkum dögum að undanskildum 23., 24., og 31. desember. Einnig er opið í dymbilviku. Sérstök skráning fer fram inn á Völnunni fyrir þessa daga og sérstakt gjald er tekið fyrir. Það má sjá nánari upplýsingar í gjaldskrá Kópavogsbæjar. **Ekki verður tekið á móti óskráðum börnum.**

Mikilvægt er að foreldrar skuli tilkynna forstöðumanni / aðstoðarforstöðumanni breytingar með tölvupósti eða símtali fyrir kl. 12:30 á daginn annað hvort á tölvupóstfangið: alfholl@kopavogur.is eða freyja.v@kopavogur.is eða í síma 441-3851 / 441-3852. **Með því að láta vita fyrir kl. 12:30 á daginn erum við að tryggja öryggi barnanna á frístundartíma og erum meðvituð hvar þau eru hverju sinni.**

Gjaldskrá og innheimta

Gjaldskrá Kópavogs má sjá [hér](#)

Uppsögn fer fram í þjónustugátt á [vef Kópavogsbæjar](http://Kopavogsbajar.is)

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund og fæðisgjald fyrir hádegismat fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli

kemur óformlega að innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt fyrirfram.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd að tveimur mánuðum liðnum skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfsemi

Markmið Álfhóls eru:

- að bjóða nemendum upp á faglegt og skemmtilegt starf í frítíma þeirra.
- að börnin stjórni frítíma sínum sjálf í frjálsum leik innan ákveðins ramma.
- að styrkja börnin félagslega.
- að stuðla að óformlegri menntun um þætti er varða lífið og tilveruna.

Í Álfhól er lögð áhersla á óformlegt nám (reynslunám og útinám), hópastarf, valsmiðjur, barnalýðræði og fjölgreindir. Við störfum eftir kenningum John Dewey um reynslunám og lýðræði og Howard Gardner um fjölgreindir.

Reynslunám

Hugtakið „Learning by doing“ eða „reynslunám“ er mjög vel lýsandi yfir hugmyndafræði John Dewey. Hann leggur áherslu á reynslu en í henni felst ekki vitneskja heldur virkni einstaklings sem er samofin umhverfinu. Öll reynsla felur í sér athöfn og afleiðingu sem einstaklingur tengir saman sem nýtist svo síðar meir þegar tekist er á við nýtt viðfangsefni. Í okkar huga er mikilvægt að börnin læri af reynslunni og nýti sér umhverfið til að takast á við áskoranir sem efla líkamlega-, andlega og félagslega færni.

Fjölgreindir

Howard Gardner setti fram fjölgreindakenninguna en hún undirstrikar að við erum öll ólík. Hann skiptir fjölgreindinni niður í átta flokka;

- **Málgreind:** sem er hæfileiki til tjáningar með orðum, bæði munnlega og skriflega.
- **Rök- og stærðfræðigreind:** hæfileiki til rökhugsunar og nota tölur á árangursríkan hátt.
- **Rýmisgreind:** hæfileiki til að skynja umhverfi sitt á sjónrænan hátt.
- **Líkams- og hreyfigreind:** Hæfileiki til að nýta líkamann sinn til athafna.
- **Tónlistargreind:** Hæfileiki til að búa til tónlist og njóta tónlistar.
- **Félagsgreind:** Hæfileiki til að eiga í samskiptum við aðra, sýna samkennd og fá aðra til að líða vel.
- **Sjálfsþekkingargreind:** er hæfileiki til að greina á milli tilfinninga, hæfni til markmiðasetningar og veitir sterka sjálfsmynd.
- **Umhverfisgreind:** Er hæfileikinn til næmni fyrir náttúrunni, flokka og þekkja mismunandi dýr og jurtir í náttúrunni.

Við erum öll ólík eins og við erum mörg og því viljum við að allir í Álfhól blómstri á sinn hátt, njóti sín og finni að allir eru jafnir, þó allir séu með mismunandi greindir og færni. Við setjum ekki eina greind ofar en aðra, hér eru allir jafnir og eldklárir á sínum sviðum og við viljum leyfa þeim að skína.

Dagskrá

Árgangarnir skiptast í tvo hópa, 1. - 2. bekk og 3. - 4. bekk.

Hópastarf 1. - 2.bekkar er í aðalhúsnæði skólans í austurálmum sem liggur næst íþróttahúsinu Digralesi, þar eru tvær stórar stofur og tvær minni til afnota við valsmiðjur þar sem börnin una sér við starf og leik. Valtaflan er hjá innganginum í frístund þar sem hún er auðsjáanleg fyrir börn og foreldra. Þar velja krakkarnir þá valsmiðju sem þau vilja vera í hverju sinni. Oft eru alls konar þema og vinna krakkarnir með því eftir sínum áhuga en það ríkir mikið frjálssræði í starfinu. Útivera og leikfimi í íþróttasalnum í Digralesi er í boði á hverjum degi til skiptis og skiptir það miklu máli að börnin fái ferskt loft og hreyfingu. Einnig verða í boði þemavikur aðra hverja viku þar sem verður rúllað í gegn með allskonar val sem tengist þemanu á hverjum degi í viku, t.d. íþróttavika, vísindavika, kósývika, leikjavika o.fl.

Hópastarf 3. - 4.bekkar er með sér aðstöðu í Álfastein, sem er rými í íþróttahúsi Digralesi (gengið inn á norðurhlið). Þar fer fram frjáls leikur þar sem krakkarnir eiga að geta fundið sér eitthvað til skemmtunar. Starfið er þó reglulega brotið upp með skemmtilegum viðburðum eins og t.d. bío, útileikir, skartgripagerð, íþróttaviku, vettvangsferðum o.fl. Við leggjum mikla áherslu á val og frjálssræði í starfi 3. - 4. bekkjar og viljum skapa einskonar félagsmiðstöðvarumhverfi. Einnig er boðið upp á íþróttahús tvisvar í viku. Á öðrum dögum þegar venjulegt val er í boði eru viðfangsefnin á óformlegum nótum og börnin geta valið og flakkað á milli viðfangsefna að vild eins og t.d. fótboltaspil, þythökkí, borðtennis, perla, föndra, legó og billjard.

Tómstundir skipa stóran sess í frítíma margra barna og því er afar mikilvægt að samskipti og samvinna Álfhóls-, íþrótt- og tómstundafélaganna í hverfinu séu góð. Íþróttafélögin í Kópavogi bjóða

upp á íþróttavagna sem stoppa við alla skóla Kópavogs reglulega yfir daginn. Tímatöflur vagnanna má nálgast á heimasíðum félaganna. Við sendum börnin í vagnana og er afar mikilvægt að foreldrar láti forstöðumenn vita, eigi að senda barnið í rútu eða ekki. Það er val foreldra að senda börnin í rúturnar en við komum með að sjá til þess að þau börn sem eru skráð fari í rútna.

Skólabragur/reglur

Í Álfhól tökumst við á við mismunandi verkefni. Unnið er á ýmsa vegu þar sem margskonar þættir eru styrktir og þá sérstaklega félagsfærni. Við vinnum í gegnum leik, bæði frjálsan og skipulagðan. Dæmi um skipulagðan leik eru hópeflisleikir, íþróttaleikir og viðfangsefni í hópastarfi þar sem þau vinna saman að ákveðnum markmiðum, mismunandi hverju sinni. Í frjálsum leik velja börnin sér viðfangsefni innan ákveðins ramma og reynum við að stuðla að því að allir séu með í leik og enginn sé útundan.

Í Álfhól er farið eftir stefnu skólans um jákvæðan skólabrag þar sem skipulagður og frjáls leikur skiptir miklu máli. Einnig má nefna skákkennsluna og skólakórinn á frístundartíma sem spilar stóran þátt í jákvæðum skólabrag með samvinnu og styrkingu á félagslegum tengslum á milli barnanna. Forstöðumenn og frístundaleiðbeinendur skipa einnig stóran sess í jákvæðum skólabrag, það er mikilvægt að við séum góðar fyrirmyndir í verki og orðum svo börnin öðlist jákvæða upplifun í frístund og finni fyrir öryggi og vellíðan. Einnig er skólamenningaráætlun Álfhólsskóla „Öll sem eitt (ÖSE)“ fylgt eftir komi upp slík tilfelli, hægt er að nálgast þá áætlun [hér](#).

Jákvæð skólamenning og skólabragur er einkennandi fyrir LÆRDÓMSSAMFÉLAG þar sem VIRÐING, LÝÐRÆÐI, FJÖLBREYTTIR KENNSLUHÆTTIR, LÍFSLEIKNI, jákvæð SAMSKIPTI og SAMVINNA allra aðila skólasamfélagsins eru í fyrirrúmi.	Öll sem eitt Skólamenningaráætlun Álfhólsskóla	SAMSKIPTAVANDI Tvo eða fleiri jafninga greinir á og/eða þeir eiga í útistöðum í stuttan tíma. Vandinn getur verið alvarlegur og málsaðilar gætu þurft aðstoð við að leysa úr honum EINELTI Einstaklingur/ar eru teknir fyrir, meðvitað eða ómeðvitað, og kerfisbundið brotið á þeim síendurtekið með ýmsum hætti. Samskiptavandi og einelti birtast oft á SVIPADAN/SAMA hátt.
Mikilvægt að allir geri sér far um að vera FYRIRMYNDIR í verki og orðum hvað varðar GÓÐ SAMSKIPTI, SAMVINNU og VIÐHORF.	Liðir í að efla JÁKVÆÐAN SKÓLABRAG: - Gott samstarf heimilis og skóla. - Lýðræði nemenda. - Styrking lærdómssamfélagsins. - Góð líðsheil og samvinna. - Fjölbreyttir kennsluhættir. - Markviss lífsleiknikennsla með áherslu á gildi, virðingu, samskipti, sjálfsmynd og seiglu. - Óflugt frístundar- og félagsstarf. - Góð gæsla og öryggi nemenda tryggt.	Samskiptavandi getur verið undanfari eineltis. Því er mikilvægt að kenna nemendum að LEYSA ÚR ÁGREININGI og aðstoða þá ef það tekst ekki.
Í SKÓLABRAG felst allt það sem snýr að SAMSKIPTUM og SKÓLAMENNINGU og tekur til skólasamfélagsins í HEILD SINNI, þ.e. starfsfólks, foreldra og nemenda. Skólabragur endurspeglar VIÐMIÐ, MARKMIÐ og GILDI í SAMSKIPTUM, NÁMI, KENNSLUHÁTTUM og STJÓRNUN skólans.		Einelti þrífst í þeirri menningu þar sem það fær að lifa. Það þróast í hópi sem svar við þörf einstaklinga til þess að finna SAMEIGINLEGAN GRUNÐVÖLL og vera hluti af hópnum. Hópurinn myndar samfélag í gegnum eineltið. Mikilvægt er að vinna með ALLAN HÓPINN og skapa JÁKVÆÐA SKÓLAMENNINGU og LÍÐSHEILD þar sem allir upplifa að þeir séu mikilvægur hluti af hópnum, eigi sér HLUTVERK og TILGANG.

Mynd. Skólamenningaráætlun Öll sem eitt (ÖSE)

Barnaráð

Við störfum í anda lýðræðis og er stefnan að halda úti barnaráði. Í barnaráði munu börnin fá að hafa áhrif á starfsemi frístundastarfsins. Við vinnum eftir 12. grein barnasáttmálans „réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif“. Stefnan er að allir muni fá að sitja barnaráðsfund á einhverjum tímapunkti yfir skólaárið. Þetta er mikilvægur liður í starfseminni og stuðlar að því að börnin finni að þau stjórni að miklu leyti frítíma sínum sjálf undir eftirliti og hafi rödd.

Fyrir hópastarf 1. – 2. bekk verður dregið aðra hverja viku í ráð þá 7 - 10 börn hvert skipti svo allir fái tækifæri til að sitja í ráðinu yfir árið. Velur sá hópur sem situr í ráðinu þá viku, hvað verður í boði í frístund t.d. ráða hvað er í vali, hvernig vikupema á að vera í frístund, hvað verður boðið upp á í síðdegishressingunni og sparikaffinu, hvaða dót sé í boði, hvernig vettvangsferðir verða og margt fleira. Einnig verður settur upp hugmyndakassi þar sem börnin geta skrifað og teiknað þær hugmyndir sem þau eru með fyrir frístund. Farið verður yfir þær hugmyndir með því barnaráði sem situr þá vikuna með frístundaleiðbeinanda og metið á þrenna vegu, framkvæmanlegt, óframkvæmanlegt og ógildar hugmyndir. Síðan verður kynnt á barnaráðsfundi hvaða hugmyndir voru framkvæmanlegar og verður hægt að gera í frístund.

Fyrir hópastarf 3. – 4. bekk verður það svipað nema þar setjast börnin niður í samverustund fyrir eða eftir matartíma og fara yfir hugmyndir úr hugmyndakassa í sameiningu og meta á þrenna vegu líkt og hjá hópastarfi 1. – 2. bekk. Eftir að búíð er að fara yfir þær hugmyndir verður búin til mánaðarleg dagskrá í kringum þær hugmyndir sem voru framkvæmanlegar, sem er síðan gefin út til foreldra og nemenda í 3. – 4. bekk. Einnig verður sú dagskrá kynnt fyrir nemendum á frístundartíma og hengd upp í frístund svo nemendur viti hvað er í vændum. Með þessu fær 3. – 4. bekkur að stjórna innan ákveðins ramma hvað er gert á frístundartíma og hvað er í boði í hressingunni.

Foreldrasamstarf

Við leggjum áherslu á að vera í góðu sambandi við foreldra. Með fréttabréfi og reglulegum tilkynningum inn á Völu erum við nær foreldrum og náum að upplýsa þau betur um starfið sem er verið að vinna í frístund hverju sinni. Einnig höldum við uppi lokuðum Facebook-hópi fyrir foreldra barna í frístund þar sem helstu upplýsingar kom inn og einnig myndir úr starfinu. Með því að halda úti svona lokuðum hópi ná foreldrar að vera partur af starfinu og sjá hvað börnin þeirra eru að gera á frístundartíma. Inn á þessum hópi hafa foreldrar einnig verið mjög virkir að koma með hugmyndir í athugasemdum á innleggjum sem við forstöðumenn Álfhóls setjum inn.

ÖRYGGISFERLAR

BARN MÆTIR EKKI/BARN TÝNIST

**BARN MÆTIR EKKI/
BARN TÝNIST**

- ⇒ Talað við kennara og/eða stuðningsfulltrúa í bekk barnsins.
- ⇒ Ef barnið finnst er rætt við það um mikilvægi þess að mæta tímanlega og skrá sig inn, láta foreldra vita í lok dags.

BARN FINNST EKKI

BARN FINNST EKKI

- ⇒ Ef barnið finnst ekki þá er hringt í foreldri og athugað hvort barnið hafi farið heim eða verið sótt.
- ⇒ Leit endurtekin og einnig leitað í nálægð við skólann í samstarfi við forráðamenn. Haft samband við forráðamenn bekkjarfélaga og athugað hvort barn hafi farið heim með vini.

**HAFT SAMBAND
VIÐ LÖGREGLU**

- ⇒ Ef ekki gengur að finna barnið þá skal haft samband við lögreglu í samráði við forráðamenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið sjá sig).

EF ÞAÐ KEMUR ÍTREKAÐ FYRIR AÐ BARN SKILI SÉR EKKI Í FRÍSTUND VERÐA FORRÁÐAMENN OG FORSTÖÐUMAÐUR AÐ RÆÐA SAMAN AÐ LEIÐUM TIL ÚRBÓTA.

ÖRYGGISFERLAR

Á FERÐ MEÐ BÖRNIN

FERÐ UNDIRBÚIN

- ⇒ Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðveru-
lista/ aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum
með sérþarfir og sjúkdóma.
- ⇒ Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er nauðsyn-
legt að hafa aðstandendalista.
- ⇒ Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og
þegar lagt er af stað til baka.
- ⇒ Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast
sem hefur yfirsýn yfir hópinn.
- ⇒ Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í
lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

FARIÐ YFIR GÖTU

- ⇒ Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og
gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrr en hópurinn
er tilbúinn að fara yfir götuna.
- ⇒ Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar
umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan
röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir.
- ⇒ Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.

ÖRYGGISFERLAR

Á FERD MED BÖRNIN

STRÆTÓFERÐIR


- ⇒ Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn.
- ⇒ Kynna sér vel tímaáætlun strætó.
- ⇒ Halda skal skipulagðri röð í strætóskyli og þegar gengið er inn og út úr strætó.
- ⇒ Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð.
- ⇒ Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort.
- ⇒ Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu.
- ⇒ Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó.
- ⇒ Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn.
- ⇒ Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær

FARIÐ Í ÍÞRÓTTA- RÚTU

- ⇒ Starfsmenn fristunda sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu.
- ⇒ Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spennni öryggisbelti o.fl.

ÖRYGGISFERLAR

Á FERÐ MEÐ BÖRNIN



ÖRYGGISFERLAR

ÁVERKAR

SMÁVÆGILEGIR ÁVERKAR

- ⇒ Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur.
- ⇒ Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum.
- ⇒ Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

ALVARLEGIR ÁVERKAR

- ⇒ Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsá-
verkar, tognanir, þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl.
- ⇒ Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp.
- ⇒ Starfsfólk skiptir með sér verkum og sér til þess að sinna öðrum börnum.
- ⇒ Ef áverkar eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt í 112 og barni fylgt á slysadeild.
- ⇒ Haft er samband við forráðamenn.
- ⇒ Starfsmönnum frístunda ber að sækja skyndihjálpar-
námskeið annað hvert ár.

HÖFUÐHÖGG

- ⇒ **Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita.** Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma.
- ⇒ Gera skal skýrslu um slysið.
- ⇒ Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínþenna eða öðru sem til

Rýmingaráætlun

Í Álfhólsskóla er í gildi áætlun um rýmingu beggja skólahúsanna ef upp kemur eldsvoði eða annað sem krefst þess að önnur byggingin eða báðar séu rýmdar í flýti. Á hverju hausti fara umsjónarkennarar yfir þessa áætlun með nemendum og æfa viðbrögð bekkjarins. Á hverju hausti fer einnig fram allsherjaræfing sem nær til allra starfsmanna og nemenda skólans þar sem viðbrögð eru æfð.


Rýming í frístund.

Rýming: Þegar viðvörunarbjöllur hringja skal strax hefja rýmingu. Stofa 18 fer út um hurð á austurenda Digranes.

Skipulag:

Frístund stendur yfir frá kl. 13:00 til 17:00 hvern virkan dag vikunnar. Nemendur í frístund skulu fylgja hefðbundnum flóttaleiðum skv. rýmingaráætlun skólans. Leiðbeinandi skal koma nemendum út og loka hurð á eftir sér. Safnast skal saman við söfnunarsvæði og hefja nafnakall þar. Forstöðumaður eða aðstoðarforstöðumaður skal koma nafnalistum á söfnunarsvæði. Upprétt hönd þýðir: Allt í lagi.

Söfnunarsvæði er við suðurhlíð Digranes.



Mynd. Söfnunarsvæði nemenda samkvæmt rýmingaráætlun í Digranesi.

Viðbrögð við vá

Ef upp kemur vá er öryggisteymi skólans tafarlaust kallað saman skólastjóra til ráðgjafar og aðstoðar.

Veikindafaraldur

Á vef embættis landlæknis er að finna áætlun sem unnið er eftir ef upp kemur veikindafaraldur.

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/vidbunadur-gegn-va/>

Viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta

Verði jarðskjálfti á skólatíma er unnið samkvæmt áætlun sem sótt er á vef almannavarna ríkisins.

Kennurum er ætlað að fara yfir viðbrögð við jarðskjálfta með nemendum sínum á hverju hausti.

http://www.almannavarnir.is/upload/files/Vidbrogd_vid_jardskjalfta_1%20%282%29_taka_tvo.pdf

Viðbragðsáætlun vegna eldgoss

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum og óróa sem greinast á mælum. Af eldgosum getur stafað hætta af hraunrennsli og öskufalli. Öskufall úr einu gosi getur borist um allt land eftir veðri. Álfhólsskóli vinnur eftir áætlun sem finna má á vef almannavarna

http://almannavarnir.is/displayer.asp?cat_id=171

Hressing

Síðdegishressing í Álfhól fer fram á bilinu 13:20 til 14:00. Lagt er upp úr því að hressingin sé holl og góð en einu sinni í mánuði, eða síðasta dag hvers mánaðar, gerum við vel við okkur og bjóðum upp á sparikaffi fyrir þau börn sem áttu afmæli þann mánuðinn. Við og við er þó einnig boðið uppá sætindi og þá af sérstöku tilefni eins og á öskudag eða síðasta dag fyrir páska- og jólafrí o.s.frv.

Innra mat

Hjá Álfhól leggjum við upp úr því að meta innra starfið. Það ætlum við að gera með því að leggja fyrir skoðanakannanir á haustönn og vorönn, bæði fyrir börn og foreldra í frístund. Álfhóll mun senda út skoðanakönnun til foreldra á google forms í gegnum tölvupóst til að fá betra mat af frammistöðu frístundar. Fyrri könnun mun vera um vetur (nóvember) og seinni könnun nær vori (apríl). Á stefnumótunardegi skólans fer fram mat á starfinu meðal barnanna. Það er einnig sent út frammistöðumat tvisvar á vetri á vegum skólans og þar fellur Álfhóll inn. Það er afar mikilvægt að öllum börnunum líði vel og séu sátt hjá okkur í frístund og er þetta liður í að stuðla að vellíðan barnanna.

Símenntunaráætlun

Starfsfólkið sækir endurmenntunarnámskeið á ári hverju og er reynt að koma því fyrir á starfsdögum. Skyndihjálparnámskeið eru haldin að hausti þar sem farið er yfir mikilvæga þætti er varða öryggi, og þá er einblínt sérstaklega á öryggi barna. Einnig er reynt að koma fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk varðandi þætti sem hægt er að framkvæma í starfinu eins og námskeið í leikjum og útinámi. Einnig fá þau fræðslu um áherslur í starfinu.

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti

Freyja Hlín Valgeirsdóttir, forstöðumaður

Andri Þór Helgason, aðstoðarforstöðumaður

Alexander Þór Gunnarsson, frístundaleiðbeinandi

Andrea Þórey Sigurðardóttir, frístundaleiðbeinandi

Baldur Haraldsson, frístundaleiðbeinandi

Birkir Kári Sigurðarson, frístundaleiðbeinandi

Eyrún Ósk Harðardóttir, frístundaleiðbeinandi

Gabriela Sveinsdóttir, frístundaleiðbeinandi

Jasna Veraja Bokan, frístundaleiðbeinandi

Logi Tómasson, frístundaleiðbeinandi

Natalía Valgeirsdóttir, frístundaleiðbeinandi

Sigurlína S. Alexandersdóttir, frístundaleiðbeinandi

Sigrún Harpa Þórisdóttir, frístundaleiðbeinandi

Theodóra Sveinsdóttir, frístundaleiðbeinandi

Þórunn Kristín Erlingsdóttir, frístundaleiðbeinandi

Að auki koma nokkrir kennarar að starfinu líkt og undanfarin ár en það eru meðal annars:

Þorbjörg Roach er með kór fyrir 1. - 4. bekk og Lenka Ptacnikova sér um skák fyrir 1. - 4. bekk.

